



Björgunaræfing með þyrlu

Laugardagskvöldið 2. nóvember fór fram samæfing hjá björgunarsveitinni Lífsbjörgu og Landhelgisgæslu Íslands rétt fyrir utan Ólafsvíkurhöfn. Þar tóku Björgunarskipið Björg og Sæbjörg II ásamt 14 félögum björgunarsveitarinnar Lífsbjargar þátt í þyrluæfingu með TF-GNÁ.

Æfingin fólst í hífingu úr uppblásnum gúmmíbjörgunarbát og upp úr sjó, auk hífinga til og frá borði á björgunarskipinu Björg. Þetta var fyrsta æfingin á nýju skipi sem tekið var á móti þann 13. október síðastliðinn í Rifshöfn og fór hún mjög vel.

Félagar voru ánægðir með reynsluna, þar sem skipið og vinnuaðstaðan um borð eru til fyrirmyndar. Meðfylgjandi mynd tók Sindri Snær Matthíasson af æfingunni.

SJ




**FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700
www.fmis.is

CERTIFIED
SUSTAINABLE
SEAFOOD
MSC
www.msc.org


**FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS**

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Jöklarannsóknarfélagið fundaði í í Röst



Miðvikudaginn 30. október hófst ráðstefna norrænu deildar Alþjóða Jöklarannsóknafélagsins í Félagsheimilinu Röst á Hellissandi. Ráðstefnan stóð yfir í þrjú daga og dró að sér fjölda íslenskra og erlendra gesta. Á ráðstefnunni er tekið á málum varðandi jöklarannsóknir, hlýnun jarðar og önnur umhverfismál.

Jöklarannsóknafélag Íslands var stofnað árið 1950 og er markmið félagsins er að stuðla að jöklarannsóknum og ferðalögum á jöklum Íslands. Ráðstefnugestir gistu á Adventure Hotel Hellissandur og Beniamin Ondycz og fjölskylda hans á Matarlist sáu til þess að öll væru vel nærð á meðan ráðstefnunni stóð.

SJ

Hrekkjavakan í Pakkhúsinu

Þann 31. október, á hrekkjavök-
unni sjálfri, tók menningarnefnd
Snæfellsbæjar höndum saman
með Smiðjunni, dagþjónustu
fatlaðra í Ólafsvík, og færði
Pakkhúsið í Ólafsvík í drunga-
legan búning. Þar var öllum boð-
ið að eiga huggulega samveru-

stund en starfsmenn Smiðjunn-
ar ásamt leiðbeinendum höfðu
útbúið fjöldann allan af draug-
um, leðurblökum, graskerjum
og fleiru sem gerðu andrúmloft-
ið hryllilegra. Nemendur í 10.
bekk Grunnskóla Snæfellsbæjar
var með kaffisölu á staðnum til



styrktar útskriftarferðar þeirra,
föndursmiðja var á neðri hæð
Pakkhússins og á annarri hæð var
draugabingó þar sem vökul augu
leituðu af fyrirbærum hrekkjavök-

unnar og munum safnsins. Bæði
börn og fullorðnir klæddust bún-
ingum og gleðin var við völd í
Pakkhúsinu þennan dag.

SJ



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111

1x2 Getraunir

Getrauna snillingarnir okkar
hafa greinilega ekki fundið takt-
inn ennþá, því þeim sem gekk
best á laugardaginn voru aðeins
með 9 rétt úrslit af 13. Ekki kæmi
á óvart ef til stæði að bæta ár-
angurinn. Tækifæri til þess gefst

á laugardaginn því þá verðum við
í Áttthagastofunni á milli 11.00 og
12.00 eins og venjulega. Kaffi á
könnunni.

Allt fyrir Víking.



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur
frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði,

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakall

Guðsþjónustur

Sunnudaginn 10. nóvember

Ingjaldshólskirkja kl. 11

Hefóbundin guðsþjónusta

Ólafsvíkurkirkja kl. 20

Allra heilagramessa þar
sem við minnumst látinna

Velkomin öll og alltaf



Gleraugnasöfnun Lions



Lionsklúbburinn Rán hefur
hafið söfnun á gleraugum í Snæ-
fellsbæ. Lionshreyfingin á Íslandi
safnar gleraugum sem kunna að
liggja ónotuð en geta komið
öðrum að gagni. Gleraugun eru
sendi til Danmerkur þar sem þau
verða flokkuð og lagfærð ef þarf

og send áfram til þeirra sem þurfa
á þeim að halda. Söfnunarkass-
ar eru staðsettir í apótekinu og í
versluninni Kassanum. Gleraugu
sem þú ert hætt/ur að nota, geta
gefið öðrum sjón.

JJ



Ekki taka

ÁHÆTTUNA

SJÓVÁ



Samgöngustofa

Jól í skókassa

Móttöku fyrir verkefnið Jól í skókassa á Snæfellsnesi er nú lokið. Tekið var á móti skókössum í Grundarfirði, Snæfellsbæ og Stykkishólmi. Þetta alþjóðlega verkefni hefur verið í gangi á Íslandi frá 2004 og hefur hefð komist á söfnun slíkra gjafa víða um land. Þá taka börn og fullorðnir sig saman til að gleðja önnur börn sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika með því að gefa þeim jólagjafir en gjafirnar eru sendir til munaðarleysingjaheimila og barnaspítala í Úkraínu. Salbjörg Nóadóttir og Anna Husgaard Andreassen sjá um verkefnið í Grundarfirði og í ár söfnuðust þar 97 pakkar, sem eru 20 fleiri en í fyrra. Í Snæfellsbæ var verkefnið tekið upp að nýju árið 2022 eftir nokkurra ára pásu. Sigurbjörg Jóhannesdóttir sér um móttökuna og söfnuðust þar 14 kassar. Vonin er að verkefnið muni stækka á milli ára og að endingu ná sömu stærðargráðu og annars staðar á landinu. Leikskólar Snæfellsbæj-



ar tóku þátt í verkefninu líkt og í fyrra og tóku elstu börnin sig til ásamt foreldrum og starfsfólki og söfnuðu saman í skókassa. Í skókassana er ætlast til að fólk setji að minnsta kosti tannbursta, tannkrem og sápuþykki en svo er mælst til að að minnsta kosti einn hlutur úr fimm flokkum fari í kassann, það eru leikföng, skóladót, hreinlætisvörur, sælgæti og fót.

Börnin söfnuðu hlutunum samviskusamlega saman en hvert barn kom með einn til tvo hluti af listanum og þannig safnaðist í veglega gjöf. Verkefni sem þetta er bæði gefandi og fræðandi og höfðu bæði börn og starfsfólk gaman af því að láta gott af sér leiða og gleðja börn sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika. 111 jólagjafir fara því frá Grundarfirði og Snæfellsbæ til Úkraínu í ár og munu þar gleðja lítil hjörta. Í fyrra söfnuðust 4020 gjafir á landsvísu

og er von á að annað eins safnist í ár. Þrátt fyrir að móttöku á landsbyggðinni sé lokið geta áhugasamir ennþá komið gjöfum til skila í Reykjavík en móttaka Jól í skókassa hjá KFUM og KFUK er opin til 9. nóvember við Holtaveg 28. Meðfylgjandi mynd er af hópnum í Krílakoti en leikskólar Snæfellsbæjar skiluðu saman fjór- um skókössum.

SJ



Fáein orð um Kapólsku kirkjuna á Íslandi



Í Kapólsku kirkjunni á Íslandi eru samkvæmt Hagstofu Íslands 15 þúsund manns. Landinu er skipt í átta sóknir. Sóknin á Vesturlandi heitir Sókn heilags Frans frá Assisi. Messað er á fimm stöðum. Stykkishólmi, Grundarfirði, Ólafsvík, Borgarnesi og Akranesi. Þrjú prestar eru í sókninni, tveir pólskir og einn íslenskur. Mariusystur eru þrjár og

hafa þær aðsetur í Stykkishólmi, kapella er í húsnæði Fransiskus hótels í Stykkishólmi. Fræðast má um messutíma og helgihald á heimasíðu kirkjunnar. Auk þess er söfnuðurinn á Vesturlandi með Facebook síðu. Maríulind á Hellnum er helgur staður í augum kapóllikka. Samkvæmt helgisögn birtist María guðsmóðir Guðmundi góða, en hann var biskup á Hólum. María var í fylgd tveggja engla og bað hann að blessa vatnið. Kapóllikkar fara í pílgrímsferð til Maríulindar á hverju ári, farið er með rútu frá Reykjavík og messað er í kirkjunni að Staðastað. Sú trú er að vatnið sé gott til lækninga, ég þekki engar vísendalegar rannsóknir á því.

Ólafsvík. 30.10. 2024
Hrafn Arnarson

Blóðsykursmæling



Í tilefni af alþjóðadegi sykursjúkra 14. nóvember munu lionsklúbbarnir í Snæfellsbæ í samstarfi við Heilsugæslustöðina bjóða íbúum Snæfellsbæjar upp á mælingu á blóðsykri auk þess sem hægt verður að mæla blóðþrýsting.

Laugardaginn 16. nóvember kl. 10 - 12 í húsnæði Sóley saumar

Allir eru hvattir til að mæta!

HEILBRIGDISSTOFNUN
VESTURLANDS
ÓLAFSVÍK





Ekki taka
SKJÁHÆTTUNA

Settu símann á akstursstillingu

SJÓVÁ



Samgöngustofa

Karлакórinn Heiðbjört á víníl

Karлакórinn Heiðbjört hefur verið að undirbúa komu nýrrar plötu. Kórinn mun gefa út vínýlplötu sem mun koma út þann 16. nóvember og ber hún heitið Gibba, bagga, ýta, þreyja. Platan mun á sama degi verða aðgengileg á öllum helstu streymisveitum. Karлакórinn Heiðbjört samanstendur af kórnum af sunnanverðu Snæfellsnesi sem koma saman einu sinni í viku yfir vetrarmánuðina og syngja sér til sálubótar. Kórstjóri er Hólmi Friður Friðjónsdóttir. Mikil eftirvænting er eftir plötunni en á útgáfudegi mun kórinn einnig senda frá sér sitt fyrsta tónlistarmyndband. Forsala plötunnar er hafin og er hægt að nálgast eintak í gegnum facebook síðu kórsins.

JJ



Gott að eldast



Kynningarfundir fyrir verkefnið Gott að eldast á Vesturlandi voru haldnir í Snæfellsbæ og Grundarfirði mánudaginn 4. nóvember. Fundurinn í Grundarfirði fór fram í Samkomuhúsinu og í Snæfellsbæ var hann haldinn í Klifi. Líf Lárusdóttir, verkefnastjóri Samtaka Sveitarfélaga á Vesturlandi hélt þar erindi um verkefnið Gott að eldast og tengiráðgjöf. Þá var vitundavakning á vegum Félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins um félagslega einangrun og Líney Úlfarsdóttir, sálfræðingur, og Svavar Knútur, söngvaskáld voru með erindi og tónlistaratriði.

Verkefninu Gott að eldast á Vesturlandi er ætlað að stuðla að betri lífsgæðum aldraða í Vesturlandsumdæmi. Markmið verkefnisins er að skapa umhverfi þar sem einstaklingar á efri árum

geta lifað virku og innihaldsríku lífi. Verkefnið felur í sér margs konar aðgerðir, svo sem að veita öldruðum aðgang að þjónustu sem stuðlar að sjálfstæði þeirra og eykur lífsgæði, svo sem heimaþjónustu og félagsstarfi. Þá á að hvetja aldraða til þátttöku í félagslífi, með áherslu á samskipti og samveru, sem er mikilvægt fyrir andlega heilsu og vellíðan. Stuðla skal að heilbrigðu lífverni með fræðslu um næringu, hreyfingu og heilsufar og vinna með sveitarfélögum, heilbrigðisstofnunum og öðrum aðilum til að bæta þjónustu við aldraða. Verkefnið er byggt á þeirri sýn að það sé mikilvægt að stuðla að virðingu og mannréttindum eldri borgara, og að þeir hafi tækifæri til að taka þátt í samfélaginu á öllum sviðum.

SJ

Erum með bil til sölu,
Letisund 3 á Rífi. 100 fermetrar

Áhugasamir hafið samband á vegr@vegr.is
eða í síma 849-7276



vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



Framboðsmál í Norðvestur

Alþingiskosningar eru á næsta leyti en kjósendur ganga til kosninga þann 30. nóvember næstkmandi. Stjórn mála flokkar standa nú í ströngu við að safna sínu færaasta fólki á lista og eru listarnir núna farnir að taka á sig mynd.

Flokkur fólksins

- Eyjólfur Ármannsson, alþingismaður.
- Lilja Rafney Magnúsdóttir, varaþingismaður og fyrrv. alþingismaður.
- Bragi Þór Thoroddsen, sveitastjóri Súðavíkurhrepps.

Framsóknarflokkurinn

- Stefán Vagn Stefánsson, alþingismaður.
- Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir, alþingismaður.
- Halla Signý Kristjánsdóttir, alþingismaður.

Lýðræðisflokkurinn

- Eldur Smári Kristinsson, formaður Samtakanna 22.
- Ágústa Árnadóttir, snyrtifræðimeistari.
- Sigurður Bjarnason, kerfisfræðingur.

Miðflokkurinn

- Ingibjörg Davíðsdóttir, stjórnarformaður Íslenska fæðuklasans og sendiherra.
- Gunnar Bragi Sveinsson, fyrrverandi ráðherra.
- Sigurður Páll Jónsson, fyrrverandi þingismaður.

Píratar

- Ugla Stefánía Kristjónsdóttir Jónsdóttir, kynjafræðingur og sérfræðingur í málefnum hinsegin fólks.
- Sunna Einarsdóttir, grafískur hönnuður.
- Pétur Óli Þorvaldsson, bóksali.

Samfylkingin

- Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og ritari Samfylkingarinnar.
- Hannes S. Jónsson, framkvæmdastjóri KKÍ.
- Jóhanna Ösp Einarsdóttir, bóndi og oddviti í Reykhólahreppi.
- Í 6. sæti á lista samfylkingarinnar er Garðar Svansson, fangavörður og bæjarfulltrúi í Grundarfirði.

Sjálfstæðisflokkurinn

- Ólafur Adolffson, lyfsali.
- Björn Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri.
- Auður Kjartansdóttir, fjármálastjóri.
- Í 14. sæti listans situr Sigríður Finsen, hagfræðingur frá Grundarfirði.

Sósíalístaflokkurinn

- Guðmundur Hrafn Arngrímsson, formaður leigjendasamtakanna.
- Jónína Björg Magnúsdóttir, fiskverkakona.
- Ævar Kjartansson, útvarpsmaður.

Vinstri Græn

- Álfhildur Leifsdóttir, Skagafirði.
- Bjarki Hjörleifsson, Stykkishólmi.
- Sigríður Gísladóttir, Ísafirði.
- Í 5. sæti listans er Lilja Magnúsdóttir frá Grundarfirði.

Viðreisn

- María Rut Kristinsdóttir, aðstoðarmaður formanns Viðreisnar.
- Edit Ómarsdóttir, deildarstjóri viðskiptaþróunar hjá Advania.
- Ragnar Már Ragnarsson, byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar.
- Í 9. sæti hjá Viðreisn situr Maggý Hrönn Hermannsdóttir frá Snæfellsbæ.

Rökkurdagar



Rökkurdagar standa nú yfir í Grundarfirði, dagskrá Rökkurdaga hófst 24. október og verða haldnir hátíðlega dagana til 17. nóvember. Hátíðin fór fyrst af stað árið 2001 og hefur síðan verið fastur liður í Grundarfirði á haustin. Hátíðin er haldin til að gleðja samfélagið og styrkja samveru, og hún býður upp á fjölbreytt úrval af viðburðum og starfsemi. Nóg af smærri og stærri viðburðum eru á dagskrá til að létta skammdegið og hittast saman í rökkrunu. Menningarnefnd Grundarfjarð-

ar stendur fyrir hátíðinni og er þemað í ár samvera og kósý. Á Rökkurdögum er boðið upp á menningarviðburði, fjölskyldudagskrá, handverks- og fönðurgerð og samveru. Í ár er dagskrá Rökkurdaga teygð yfir Bleikan október, hrekkjavökuna, dag hinna heilögu, feðradaginn, þjóðhátíðardag póllands og dag íslenskrar tungu og geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi á hátíðinni til að birta upp í skammdeginu.

SJ



Akstursstyrkir til íbúa í dreifbýli

Íbúar í dreifbýli Snæfellsbæjar geta sótt árlega um sérstakan akstursstyrk til að koma til móts við kostnað vegna aksturs barna til Ólafsvíkur í íþrótt- og tómstundaiðkun.

Árlegur akstursstyrkur er kr. 30.000.-

Umsóknir skulu berast bæjarritara í tölvupósti.

Í umsókn þarf að koma fram nafn foreldris/forráðamanns, nafn barns/barna, kennitala og reikningsnúmer þar sem leggja á styrkinn inn.

Einnig þarf að fylgja vottorð/staðfesting frá þjálfara um að barnið sé skráð í íþróttir norðan heiðar.

Úthlutunarreglur vegna akstursstyrks Snæfellsbæjar til UMF Staðarsveitar má finna á vef Snæfellsbæjar undir Stjórnsýsla – Reglur og samþykktir.

Nánari upplýsingar gefur bæjarritari í síma 433-6900 eða netfangið lilja@snb.is

Við höfum staðið með landsbyggðinni síðan 1916

Saga Framsóknar er samtvinnuð framfarasögu Íslands í 108 ár. Þannig verður það áfram með þínum stuðningi.

Hefur þú trú á framtíðinni?

Við segjum já!



OPNUNARTÍMI Í NÓVEMBER

Af óviðráðanlegum ástæðum
verður breytilegur opnunartími
dagana 6. - 22. nóvember

HAMPIÐJAN

VERSLUN ÓLAFSVÍK

Ólafsbraut 19 - s. 436 1214 - olafsvik@hampidjan.is